

Nd.

146. Frumvarp til laga

[125. mál]

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðahafnir — Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. kr. lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðar samgöngur yfir vetrarmánuðina. Þrátt fyrir allmiklar framkvæmdir í vegamálum Vestfirðinga á undanförunum árum, þá er á engan hátt leystur vandi Vestfirðinga hvað samgöngur við aðalþéttbýliskjarnana

snertir, en þeir eru Ísafjörður og Patreksfjörður, en þaðan eru reglulegar flugferðir til Reykjavíkur. Íbúar utan byggðakjarnanna geta því ekki notað þessar flugferðir nema að takmörkuðu leyti að vetri til vegna snjóa og ófærðar á háum fjallvegum, og enn þá vantar um 30—40 km, til þess að lagningu Djúpvegar í Ísafjarðardjúpi sé lokið.

Reynslan hefur sýnt, að vel byggðir vegir tryggja ekki samgöngur að vetrinum milli byggðarlaga á Vestfjörðum. Þess vegna er ljóst, að ekkert annað en samgöngur á sjó — greiðar og góðar vikulegar skipsferðir — getur fullnægt þörfum Vestfirðinga varðandi flutninga á milli Vestfjarðahafna og til annarra landshluta. Á undanförnum árum hefur orðið mikil afturför í sjósamgöngum við Vestfirði. Það er bein afleiðing þess samdráttar, sem orðið hefur í rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Við það hefur skapast óviðunandi ástand í samgöngumálum Vestfirðinga, og hefur þetta bitnað einna harðast á Strandamönnum. Það var þó almennt álit Vestfirðinga, meðan Skipaútgerðin var ólömuð, að nauðsyn væri á auknum og bættum sjósamgöngum við Vestfirði. Það hefur dregið í 30 ár að endurnýja gömlu strandferðaskipin, og þó að nú sé komið eitt nýtt skip og annað væntanlegt á næstunni, þá mun það ekki leysa vanda Vestfirðinga, nema tryggt verði, að upp verði teknar vikulegar skipsferðir til Vestfjarða, bæði á milli fjarða innan fjórðungsins og við aðra landshluta, yfir vetrarmánuðina.

Á þingum Fjórðungssambands Vestfjarða hafa mörg hin síðari ár verið gerðar einróma samþykktir og áskoranir á þingmenn Vestfjarða um að hefja baráttu fyrir sérstöku Vestfjarðaskipi. Margar sveitarstjórnir og aðrir hafa einnig hvað eftir annað gert sams konar ályktanir, hér með fylgja tvær:

„Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið 2.—3. sept. 1967, samþykkir að skora á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að flutningaþörf Vestfirðinga á sjó verði fullnægt með vikulegum áætlunarferðum skips, sem er smíðað og útbúið með fullkominni nútímataekni við losun og lestun.“

„20. þing Alþýðusambands Vestfjarða, haldið 24. og 25. sept. 1970, leggur þunga áherzlu á margítrekaðar kröfur þess um bættar samgöngur á sjó, bæði milli fjarða innan fjórðungsins og við aðra landshluta. Þó svo að þjónusta Djúpbátsins hafi verið aukin, vegur það ekki á móti þeirri hnignun, sem orðið hefur á þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, en við hana hafa skapast stóruknir erfiðleikar hvað aðdrætti yfir vetrarmánuðina snertir. Skorar því þingið á þingmenn kjördæmisins að endurflytja sérstakt frumvarp um Vestfjarðaskip.“

Vart er því um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert. Eðlilegast er, að rekstur skipsins verði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmastan hátt. Málið hefur oft áður verið flutt í frumvarpsformi, og er þess að vænta, að Alþingi líti á brýna þörf þessa landshluta til bættra sjósamgangna og taki tillit til eindreginna óska Vestfirðinga um sérstakt Vestfjarðaskip, því að á þann hátt telja kunnugir, að málið verði bezt leyst.